




Bangsaandlit Púðar

Höfundur: Unnur Erla Hafstað

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 4. og 5. bekk



Aðferð:

Teikning
Vélsaumur
Útsaumur/
handsaumur



Áhöld:

- ✓ Teikniáhöld
- ✓ Fatatússpennar
- ✓ Saumaskæri
- ✓ Pappírsskæri
- ✓ Títuprjónar
- ✓ Sprettuhnífur
- ✓ Saumavél
- ✓ Saumnálar með oddi

Efni:

- ✓ Pappír
- ✓ Textíllím
- ✓ Útsaumsgarn
- ✓ Mjúkt efni sem ekki raknar auðveldlega, t.d. flís eða filt
- ✓ Einn bútur um 30 x 60 cm og nokkrir litlir bútar í ýmsum litum
- ✓ Tróð



Verklýsing



Að teikna sniðið

- 1 Teiknaðu hring á blað í sömu stærð og púðinn á að vera. Teiknaðu 1 cm saumfar utan um hringinn. Ef þú ert með A3 blað geturðu mest teiknað hring með u.þ.b. 14,5 cm radíus.
- 2 Teiknaðu andlit inn í hringinn en gættu þess að hafa andlitshlutana ekki of litla, því það er auðveldara að sníða ef þeir eru stærri. Teiknaðu til dæmis stórt nef, augu, munn eða snoppu. Teiknaðu líka eyru.
- 3 Taktu meiri pappír og dragðu andlitshlutana í gegn. Ef þú ert með tvö eins augu er alveg nóg að draga bara annað augað í gegn. Mundu að nýta pappírinn vel. Merktu andlitshlutana þannig að inni augað skrifarðu auga o.s.frv. Andlitshlutarnir þurfa ekkert saumfar, nema eyrun, þau þurfa 1 cm saumfar allan hringinn.
- 4 Klipptu út stóra hringinn með pappírsskærum og alla andlitshlutana sem þú dróst í gegn. Mundu að hafa saumförin með á hringnum og eyrunum.

Að sníða

- 5 Nú skaltu sníða andlitið. Taktu stóra efnisbúttinn og skoðaðu vel hvort munur er á réttu og röngu efnisins. Veldu þá hlið sem á að snúa út á púðanum, það er réttan. Brjóttu efnið svo saman þannig að réttan snúi inn. Leggðu efnið á sníðaborð og gættu þess að það liggja slétt og fellt og ekkert sé undir því. Nældu hringinn á tvöfalt efnið með tituprjónum, gættu þess að nýta efnið vel, og klipptu meðfram sniðinu með sníðaskærum.
- 6 Næst skaltu sníða eyrun, það gerirðu alveg eins, en mundu að eyrun eru tvö þannig að samtals þarftu að sníða fjögur.

Mundu eftir saumfarinu.




- 7** Loks skaltu sníða andlitshlutana. Væntanlega eru þeir ekki allir tvöfaldir. Þú ert kannski með tvö augu en bara eitt nef, eina snoppu eða einn munn. Kannski ertu jafnvel með eitt auga eða tvö mismunandi augu. Nældu sniðhlutana á efni í þeim lit sem passar hverju sinni og hafðu efnið ýmist tvöfalt eða einfalt eftir því hve marga sniðhluta þú þarft og klipptu meðfram sniðunum.

Að raða saman sniðhlutum

- 8** Taktu annan hringinn og leggðu hann á borðið með réttuna upp. Raðaðu andlitshlutunum í réttri röð á hringinn. Hafðu teikninguna hjá þér ef þú mannst ekki hvernig andlitið á að vera og mundu að hringurinn þinn er með 1 cm saumfari. Þess vegna virðist andlitið vera aðeins stærra en það er í raun og veru. Geymdu eyrun.
- 9** Nú límirðu andlitshlutana á efnið í réttri röð. Til dæmis fyrst snoppa, svo nef, eða fyrst munnur, svo tunga.


Að sauma

- 10** Nú skaltu sauma eyrun. Taktu pappírssniðið af eyrunum og nældu þau saman með réttu á mótí réttu. Saumaðu í saumavél, með 1 cm saumfari og beinu spori, hringinn í kringum eyrun, en skildu eftir op neðst þar sem eyrun mæta andlitinu svo þú getir snúið þeim við. Mundu að bakka í byrjun og enda. Snúðu eyrunum við.
- 11** Nú ætti límið á andlitinu að vera þornað. Stilltu saumavélina á þétt sikk-sakk og saumaðu meðfram öllum andlitshlutunum. Þú þarft ekki að bakka í byrjun og enda ef þú saumar í hring, heldur saumarðu bara aðeins aftur yfir fyrstu sporin þegar þú klárar hringinn.




Að skreyta

- 12** Nú er komið að því að skreyta púðann. Ef þú hefur teiknað veiðihár er tilvalið að sauma þau með aftursting eða lykkjuspori (teiknaðu þau samt fyrst á efnið með fatakrít). Einnig er hægt að teikna þau með fatatússpenna. Sama gildir um augnhár, hrukkur eða hvað sem þér dettur í hug. Nú er tilvalið að láta hugmyndaflugið ráða ferðinni.




afturstingur



lykkjuspor

Að sauma púðann saman

- 13** Leggðu andlitið á borðið fyrir framan þig. Staðsettu eyrun og hvolfdu þeim inn yfir andlitið (ef til vill þarftu hjálp frá kennaranum!). Nældu eyrun föst. Leggðu nú hinn hringinn ofan á andlitið, rétta á móti réttu og nældu hringina saman. Gott er að setja fyrst títuprjón efst og neðst, svo hægra og vinstra megin og bæta svo títuprjónum við þar á milli.



- 14** Saumaðu púðann saman með 1 cm saumfari en skildu eftir op neðst svo hægt sé að snúa honum við. Mundu að bakka í byrjun og enda.



- 15** Snúðu púðanum við og fylltu hann með tróði.

- 16** Nældu brúnirnar á opinu saman þannig að saumfarið snúi inn og varpaðu brúnirnar saman í höndum.



Nemendum Kirkjubæjarskóla á Síðu er kærlega þökkúð aðstoð við undirbúning verkefnisins.